



Langanesbyggð, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn kt. 420369-1749 (hér eftir „Langanesbyggð“ eða „sveitarfélagið“ og Gistiheimilið Lyngholt ehf., Langanesvegi 12, Þórshöfn, kt. 530606-1630 (hér eftir nefnt „verktaki“), gera með sér eftirfarandi:

Samning um mótuneytisþjónustu

1. Samningur þessi felur í sér að verktaki mun taka að sér að annast alla umsjón og matreiðslu fyrir mótuneyti Grunnskólans á Þórshöfn og Leikskólans Barnabóls.
2. Verktaki tekur að sér að útbúa og afgreiða máltíðir alla skóladaga fyrir grunnskólann og leikskólann.
3. Skólastjórnendur skulu tilkynna verktaka með mánaðar fyrirvara um daga þar sem ekki er þörf á matreiðslu mótuneytis, m.a. vegna vaktaplans starfsmanna, en á þetta þó ekki við um þá daga sem skóladagatal, sem gefið er út í upphafi hvers skólaárs, ber með sér að séu ekki kennsludagar (t.a.m. vetrarfrí, páskafrí, starfsdagar o.þ.h.). Fari svo að skólastjórnendur virði ekki framangreindan tímafrest er verktaka heimilt að krefjast greiðslu fyrir veitingu mótuneytisþjónustu viðkomandi skóladag.
4. Óski foreldrar eftir að fá skólamáltíðir felldar niður vegna leyfa barna sinna skal það tilkynnast til matráðs með minnst þriggja daga fyrirvara. Máltíðir eru aðeins felldar niður fyrir leyfi sem vara þrjá skóladaga eða lengur. Sveitarfélagið mun sjá til þess að foreldrar verði upplýstir um framangreinda reglu.
5. Verktaki mun gera skólastjórnendum grein fyrir matseðlum einn mánuð fram í tímann í senn.
6. Starfsmaður Langanesbyggðar sér um að sækja máltíðir í mótuneytið og í leikskólann kl. 11.30 hvern skóladag.
7. Einingaverð sem Langanesbyggð greiðir fyrir þjónustuna á samningstímanum er kr. 1000.- pr./máltíð vegna grunnskólans en kr. 900.- pr./máltíð vegna leikskólans.
8. Reikningar vegna þjónustunnar skulu sendir 20. hvers mánaðar til Langanesbyggðar og greiðast þeir í síðasta lagi þann þriðja næsta mánaðar. Með hverjum reikning skal fylgja sundurliðun á máltíðum og útskýringar eftir því sem við á. Samningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs sem er 1. feb. 2023 577,3 stig og verð endurskoðað við upphaf hverrar annar í skólunum.
9. Langanesbyggð mun leggja verktaka til húsnæði í félagsheimili Þórshafnar, Þórsveri, eldhús, Sali, tæki og áhöld og sjá um að fjarlægja sorp sem til fellur í mótuneytinu, svo unnt sé að veita þjónustuna. Verktaki sér um öll þrif á eldhúsi og matsölum á skóladögum og heitir faglegri og góðri umgengni um tæki og tól sveitarfélagsins. Verktaki skal taka við húsnæðinu hreinu að hausti og skila því hreinu að vori þegar leikskóli fer í sumarfrí. Telji verktaki þrifum ábótavant er hann tekur við húsnæðinu að hausti skal hann skriflega óska úrbóta hjá sveitarfélaginu. Verði sveitarfélagið ekki við úrbótum innan viku er verktaka heimilt að fá þriðja aðila til þess að þrifa eldhúsið á kostnað sveitarfélagsins. .
10. Sveitarfélagið sér um nauðsynlegt og eðlilegt viðhald á aðstöðu og tækjum í eigu sveitarfélagsins sem sveitarfélagið lætur verktaka í té til þess að sinna þjónustunni. Ákveði sveitarfélagið að fara í slíkt viðhald skal það gert í samráði við verktaka..
11. Verktaki skal hafa lykil að húsnæðinu á samningstímanum.
12. Í upphafi hvers skólaárs skal verktaki yfirfara þá aðstöðu sem sveitarfélagið leggur verktaka til, m.a. áhöld og tæki í eldhúsi, og tilkynna skriflega til sveitarfélagsins ef einhverju er ábótavant.



Langanesbyggð skal leitast við að hafa gott samstarf við verktaka varðandi eðlilegar endurbætur á mötuneyti.

13. Verktaki hefur afnot af þeirri aðstöðu og þeim tækjum og tólum sem sveitarfélagið leggur verktaka til endurgjaldslaust til umsjónar og ábyrgðar þegar skólar eru starfræktir og skilast til sveitarfélagsins í lok samningstíma. Verktaka eru heimil notkun á eldhúsi og sölum án endurgjalds vegna einstakra viðburða sem haldnir eru á vegum annarra en verktaka en verktaki selur í því tilviki mat eða kaffi. Slík notkun skal vera í samráði við húsvörð (það á við um matarþjónustu fyrir fundi o.þ.h.). Ef um langtímanotkun (sölu) er að ræða (e.t.v. sérstakt samkomulag/fellur ekki undir almenna gjaldskrá Þórsvers) greiðist gjald fyrir hvern og einn viðburð eða alla í einu samkvæmt samkomulagi við húsvörð. Heimildin til afnota á við svo lengi sem það truflar ekki starfsemi skólamötuneytisins og stangast ekki á við aðra viðburði á vegum sveitarfélagsins. Aðstaðan skal standa sveitarfélaginu opin vegna eigin viðburða sem og félagasamtökum og Þorablótsnefnd t.d. vegna viðburða í Þórsveri. Náíð samstarf skal haft um slíkt og tekið skal tillit til þess að þegar eldhúsið er notað vegna viðburða, er jafnframt verið að nota efni og rekstrarvörur í eigu verktaka, s.s. efni í uppþvottavél o.fl. Húsvörð ber að tilkynna til verktaka ef aðstaðan leigist til annara aðila á samningstímanum, t.d. vegna persónulegra muna starfsfólks í eldhúsi, matarbirgða o.fl.
14. Alla jafna verður einn starfsmaður í mötuneyti á vegum verktaka. Í tilteknum tilvikum þegar þess þarf til að veita þá þjónustu sem verktaki tekur að sér verða starfsmenn fleiri.
15. Samningurinn er háður samþykki sveitarstjórnar og ber hún faglega ábyrgð á samningi þessum f.h. sveitarfélagsins. Samkomulag þetta er uppsegjanlegt eftir hverja önn í skólunum af hálfu beggja aðila ef eitthvert eftirtalinna skilyrði eru uppfyllt:
 - a. Verktaki áskilur sér rétt til að endurskoða samninginn eða segja honum upp standi Langanesbyggð ekki við samninginn eða samkomulag um viðhald á tækjum og búnaði mötuneytisins eða virði ekki óskir Lyngholts um úrbætur.
 - b. Langanesbyggð hefur að sama skapi rétt til uppsagnar á þjónustunni ef verulegur brestur verður á framkvæmd og/eða forsendum þjónustunnar.
16. Uppsagnarfrestur beggja aðila er ein önn. Þannig skal uppsögn sem taka skal gildi á haustönn að berast gagnaðila fyrir upphaf vorannar. Uppsögn sem tæki gildi í upphafi vorannar skal berast fyrir upphaf haustannar.
17. Viðauki um áhöld í eldhúsi, ný borð í félagsmiðstöð, þörf á geymslu og snjómokstur er gerður við samning þennan samhliða undirritun og telst hluti samnings þessa.

Samningur þessi er áritaður á Þórshöfn með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar þann 1. febrúar 2023

f.h. Langanesbyggðar:

f.h. Gistiheimilisins Lyngholts ehf.

Björn s. Lárusson, sveitarstjóri

Karen Rut Konráðsdóttir



VIÐAUKI við samning um mötuneytisþjónustu

Í upphafi nýs samningstíma telur verktaki ástæðu til að fara yfir nokkur atriði sem þarfnast athygli:

Áhöld í eldhús

Verktaki óskar eftir heimild til þess að panta á kostnað sveitarfélagsins sitt lítið af eldhúsáhöldum sem vantar í eldhús, s.s. glerskálar, skurðarbretti, hnífa og annað smálegt. Áður en pöntun er lögð fram skal hún samþykkt af sveitarstjóra.

Ný borð

Verktaki telur brýnt að keypt verði ný borð í félagsheimilið þar sem gömlu borðin sem þar eru fyrir séu mjög þung og ómeðfærileg. Hægt sé að fá flísar í hendurnar einfaldlega með því að draga hendi eftir borðbrúnum. Þá séu þau völt og skökk.

Sveitarfélagið mun taka framangreint til skoðunar.

Þörf á geymslu

Verktaki leggur til að ræddur verði sá möguleiki að byggt verði geymslurými við Þórsver sem myndi nýtast bæði sem geymsla fyrir borð, stóla og aðrar innréttingar. Jafnframt sem geymslurými fyrir mötuneytið, t.d. fyrir frystikistur og hitaborð þegar það er ekki í notkun.

Sveitarfélagið mun taka framangreint til skoðunar.

Snjómokstur

Ef þörf er á að moka snjó af tröppum Þórsvers á mötuneytistíma, skal starfsmaður áhaldahúss hjá sveitarfélaginu sjá um verkið.

Viðauki þessi er áritaður áritað á Þórshöfn þann 1. febrúar 2023.

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri

Karen Rut Konráðsdóttir